**141. löggjafarþing 2012–2013.**
**Þingskjal 798 — 525. mál.**

# Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um auðlegðarskatt.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu stór hluti þeirra sem greiddu auðlegðarskatt á árinu 2012 (miðað við eignir 31. desember 2011) greiddi hærri upphæð samtals í opinber gjöld (tekjuskatt, útsvar, fjármagnstekjuskatt, auðlegðarskatt, fasteignagjöld o.s.frv.) en nam heildartekjum þeirra á árinu 2011 (laun, lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur)?
2. Hversu stór hluti þeirra sem greiddu auðlegðarskatt á árinu 2012 greiddi meira en 75% en minna en 100% af tekjum sínum 2011 í opinber gjöld?
3. Hversu stór hluti þeirra sem greiddu auðlegðarskatt á árinu 2012 greiddi meira en 50% en minna en 75% af tekjum sínum 2011 í opinber gjöld?
4. Hve stór hluti af þeim 20% sem greiddu hæstan auðlegðarskatt 2010 hafði skattalegt heimilisfesti á Íslandi í lok árs 2012? Hve stór hluti þeirra hafði flutt lögheimili sitt til annarra landa í lok árs 2012?

**Skriflegt svar óskast.**